

MOSFELLINGUR

5. tbl. 7. árg. föstudagur 4. apríl 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Meistaraflokkur kvenna Gegn brjóstakrabbameini

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu hefur gert samning við Krabbameinsfélag Íslands þess efnis að keppnisbúningarnir verði merktir bleiku slaufunni. Samhliða munu þær safna áheimum fyrir hvert mark sem liðið skorar í sumar. Ágóðinn rennur jafnt til Bleiku slaufunnar og eflingar kvennaknattspyrnu Aftureldingar. Stelpurnar spila nú í fyrsta skipti í úrvalsdeild en meistaraflokkur kvenna var endurvakinn fyrir síðasta tímabil eftir 10 ára hlé. Á myndinni má sjá Hall Birgisson, formann meistaraflokksráðs og Guðrúnu Agnarsdóttur forstjóra Krabbameinsfélagsins eftir undirritun samningsins. Með þeim á myndinni eru nokkrar stelpnanna ásamt Gareth O'Sullivan þjálfara liðsins.

Mynd/Golli

EIGN VIKUNNAR

Byggðarholt – 131,5 m² raðhús



NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá mikið endurbætt og vel nýtt 131,5 m² endaraðhús á tveimur hæðum í mjög skemmtilegu hverfi. **Verð 32,8 m**

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ
586 8080
www.fastmos.is



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjarnested
Löggiltur fasteignasali

Sjá nánar á opnu



100% Speltbrauð

MOSFELLSSAKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf.

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök
*Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.*
**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 25. apríl

Rafmagnað andrúmsloft

Það fór ekki fram hjá neinum að rafmagnið fór af allri byggðinni í vikunni. Það gerist nú ekki á hverjum degi en mikið er nú gott að hafa það. Voðalega virðist maðurinn



lítill í samburði við alla tæknina sem við búum við. Það hreinlega lá allt niðri í nokkra tíma enda rafmagn okkur jafn nauðsynlegt og vatn. Samt lítum við á þetta sem svo sjálf-sagða hluti í samfé-

lagi sem við lifum í í dag. Við höfum það gott á Íslandi, það er óhætt að segja það.

Stelpurnar í Aftureldingu bera Bleiku slaufuna á búningum sínum í sumar eins og sjá má á forsiðunni að þessu sinni. Þetta er frábært framtak og briliant hugmynd. Þær eru að fara að spila í Landsbankadeildinni í knattspyrnu og þurfa á öllum þeim stuðningi að halda sem völ er á. Frá fyrirtækjum og öllum bæjarbúum. Það er gert í formi áheita á hvert skorað mark. Tvær flugur í einu höggi, barátta gegn krabbameini og barátta í úrvalsdeild.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri




Reykjavegi 36
Sími 566 6103

www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar félagsheimilið Hlégarður var vígt hinn 17. mars 1951. Mikið var um dýrðir og öllum Mosfellingum var boðið til veislunnar. Valgerður Guðmundsdóttir frá Seljabrekku átti hugmyndina að þessu góða nafni á félagsheimilið. Hlégarður varð strax mikil lyftistöng fyrir félagslíf í sveitinni og á 6. áratugnum var Hlégarður eitt stærsta samkomuhúsið á Stór-Reykjavíkursvæðinu og var því þétt bókað, til dæmis fyrir árshátíðir og aðrar skemmtanir. Þar voru líka settar upp leiksýningar og á tímabili starfrækt Hlégarðsbíó, en þá voru sýndar bíómyndir fyrir fullorðna á síðkvöldum en barnasýningar voru eftir hádegi á sunnudögum. Hlégarður var stækkaður með viðbyggingu á 9. áratugnum og síðan hefur Vignir Kristjánsson veitingamaður séð um rekstur hússins.



HÉÐAN OG ÞÁÐAN



PÍLUS

MOSFELLSBÆ

7. skref að frábæru hári

Shampoo Reglur.

Allt í lagi, svo að þú heldur að hárfvottur séu engin visindi, en það er ótrúlegt hversu mörg okkar enda uppi með lélegt hár og kenna hárvörum um það, þegar ástæðan fyrir því getur einfaldlega verið lélegur hárfvottur. Gerðu það rétt og þá ertu hálfuðhálfnaður að frábæru hári.

Fyrsta skref.

Notaðu grófan bursta og kembðu í gegnum hárið þurr áður en þú ferð að bleyta það, vegna þess að flækjur fjölga flækjum, fjarlægðu flækjur fyrst með því að burstu í gegnum hárið, byrjaðu neðst og færðu þig svo smásaman og markvíst í átt að rótinni – að greiða strax í byrjun frá rót og niður að enda getur valdið skemmdum á hárinu og jafnvel hert flækjurnar í hnúta. Að kempa hárið leysir ekki eingöngu flækjur heldur hjálpar það til við að fjarlægja ryk og önnur óhreinindi sem setjast í hárið.

Annað skref.

Án vatnsins verður engin þvottur, þannig að nú skaltu bleyta hárið varlega frá rót að enda. Því blautara sem hárið er því minna af shampoo þarftu til að fá góða og djúpa hreinsun, notaðu heitt vatn og varlega renndu fingrunum yfir og í gegnum hárið til að tryggja að það verði gegnum blautt.

Þriðja skref.

Helltu shampooinu í lófana og nuddaðu því á milli þeirra áður en þú makar því markvíst í hárið. Ráðfærðu þig við hársnyrtinn þinn hversu mikið þú átt að nota því það er ábyggilega töluvert minna en þú heldur og sérstaklega ef þú ert að notar góðar vörur. Varlega nuddaðu yfir hárið með lófunum áður en þú notar fingurum til að nudda hársvörðin í u.þ.b. 30. sekundur. Renndu fingrunum í gegnum hárið öðru hverju til að forðast flækjur og einnig til að fylgja froðunni að endum hársins. Ekki mynda öll shampoo jafn mikla froðu svo að ekki halda að þú sért að gera eitthvað rangt þó svo að þú endir ekki með hárið fullt af froðu.

Fjórdá regla.

Jafnvel þegar þú heldur að þú sért búinn að skola nægilega vel gerðu það þá aftur til að forðast að þurrkandi efni verði eftir í hárinu. Ef þú þværd þér á hverjum degi þá ætti að vera nóg að sápa hárið einu sinni, annars er betra að sápa tvisvar og þá sérstaklega ef þú ert að nota mikið af mótunar efnum því þau geta safnast utan á hárið.

Besta hárnæringin.

Það er meira á bak við hárnægingu en að veita hárinu raka. Hér er vísinda hlutinn – Jákvæð samsetning á stórum og smáum mólekúlum í hárnæringunni leitast við að festast á neikvæð svæði og skemmdir í hárinu, og hvað þýðir það þá? Hárnæringin smýgur inn í hárþráðinn og styrkir veikt hár og kemur því í betra ásigkomulag. Að spara á þessu sviði er örugglega falskur sparnaður.

Fimmta regla.

Shampoo þvottur getur gert flogurnar sem umliggja hárþráðinn grófan og þurrann, hárnæringin mýkir og lokar hárflögnum jafnt sem það gefur hárinu raka og eykur glans. Helltu polli sirka á stærð við krónu í lófann og nuddaðu lófunum saman og rólega berðu í gegnum hárið að enda. Besta leiðin til að gera þetta er að halla höfðinu fram þannig að hárið hangi frá rótinni, dragðu svo hárið í gegnum lófana og forðastu að bera í rótina.

Sjötta regla.

Ef ekki er tekin fram á umbúðum hárnæringunnar tímamörk þá má skola strax í 30 til 60 sekúndur. Núna skal skola aftur til að vera viss um að eina sem situr eftir sé gljáfagurt og mjúkt hárið, en ekki feitt og liflaust.

Sjöunda reglan.

Vefðu hárinu inn í handklæði og legði það svo upp á höfuðið, frekar en að vefja því upp í turban-stíl því það getur veikt blautt hárið, dampaðu hárið með handklæðinu til að ná úr því rakanum, en aldrei nudda hárið með handklæðinu því það getur flækt og skemmt hárið! Varlega fjarlægðu flækjur með grófum burstu aftur eins og í reglu Eitt þú byrjar á endunum og vinnur þig svo að rótinni.



Rafmagnslaust í hátt í fimm tíma

Rafmagnslaust varð í Mosfellsbæ, Kjalarnesi, hluta Grafarvogs og í Grafarholti mánudaginn 31. mars þegar bilun varð í 132 kv aðalæð háspennu við Spöngina um hádegisbilið. Við það kom mikið högg inn á kerfið sem varð til þess að Nesjavallalínu sló út og tókst ekki að koma henni í lag fyrr en fimm klukkutímum síðar. Loka þurfti ýmsum fyrirtækjum í bæjarfélaginu, matvörur í verslunum lágu undir skemmdum, lyftur virkuðu ekki og bílar sátu fastir í bílageymslum.



Fuglaskoðunarhús við Leirvog

Á fundi atvinnu- og ferðamála-nefndar var samþykkt að hafin yrði smíði á fuglaskoðunarhúsi sem komið yrði fyrir í Leirvogi. Að sögn Karls Tómassonar formanns nefndarinnar verða skráðar og myndaðar allar fuglategundir á svæðinu og upplýsingunum komið fyrir í fuglaskoðunarhúsinu. Leirvogur er langstærsta fæðuöflunarsvæði vadfugla á höfuðborgarsvæðinu. Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur hefur verið nefndinni innan handar við að finna hugsanlega staðsetningu hússins en hann gjörþekkir fuglalífið í Leirvöginum.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Ýmsar hugmyndir komnar upp um ævintýra- og útivistargarð í Hvömmunum

Ævintýragarður að fæðast

Á 20 ára afmæli Mosfellsbæjar í ágúst sl. samþykkti bæjarstjórn Mosfellsbæjar að koma fyrir ævintýra- og útivistargarði í Hvömmunum neðan Ullarnesbrekku. Ekki lá á þeim tíma fyrir, mótaðar hugmyndir um útfærslu garðsins. Ýmsar hugmyndir hafa frá þeim tíma hins vegar komið fram og verða þær hér reifaðar.

„Ævintýragarðurinn hefur fengið góð viðbrögð og það ríkir mikil eftirvænting á meðal landslagsarkitekta og ýmissa hugmyndasmiða fyrir fyrirhugaðri samkeppni um garðinn. Ekki síður hefur maður orðið var við áhuga bæjarbúa og eru þeir spenntir að sjá hvernig svæðið verður skipulagt“, segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Svæðið fyrir garðinn er ráðgert í Hvömmunum og afmarkast af Vesturlandsvegi, Varmá og Köldukvísl. Gert er ráð fyrir aðkomu innanbæjar frá fyrirhuguðum Tunguvegi.

Fjöldi áhugaverðra hugmynda

Að undanfögnu hefur verið unnið að forsögn fyrir fyrirhugaða samkeppni um hönnun garðsins og hafa nefndir bæjarins verið með málið til umsagnar. „Neðangreindar hugmyndir hafa verið settar fram um Ævintýragarðinn en engin þeirra er þó endanleg eða föst með einum eða neinum hætti. Hugmyndasamkeppni



Ullarnesbrekkur munu glæðast lífi með tilkomu Ævintýragarðsins.

um garðinn verður vettvangur þeirrar ákvarðanatöku“, segir Haraldur. Ævintýragarður í Ullarnesbrekkum verði opinn öllum, ekki verður selt inn í hann.

■ Í ævintýragarði verður þrautagarður svipað og finna má í skemmtigörðum í Danmörku og í Kjarnaskógi. ■ Gert verði ráð fyrir aðstöðu ýmissa hópa s.s., sirkusa. Í garðinum verði gert ráð fyrir útileikhúsi og hljómsveitaradstöðu. Þar verði aðstaða fyrir útihátíðir Mosfellinga.

■ Gert verði ráð fyrir strandblakvelli og soft ball velli.

■ Skógrækt verði á svæðinu með umfangsmiklu stígakerfi. Jurta- og fræðslugarður verði hluti af ævintýragarðinum

■ Svæði tekið frá fyrir tjöld, húsbíla o.fl. í jaðri garðsins.

■ Ævintýragarðurinn verði jafnt sumar sem vetrargarður. Þar verði komið fyrir togbraut fyrir skíða- og brettaiðkendur. Göngustígar sem að vetri til verða gönguskíðabrautir. ■ Í garðinum verði vísindagarður. Þema garðsins mætti vera í kringum bókmenntir Halldórs Laxness ■ Kaffihús verði í garðinum. ■ Gert verði ráð fyrir aðstöðuhúsi fyrir skáta í tengslum við tjaldsvæði.

Ábendingar frá bæjarbúum

Þetta er hluti þeirra hugmynda sem komið hafa fram um garðinn. Mosfellsbær óskar eftir ábendingum frá bæjarbúum hvernig megi útfæra ævintýragarðinn á sem bestan hátt og geta verið hluti af forsögn um hugmyndasamkeppni. Áhugasamir sendi hugmyndir á mas@mos.is.

Sérstaða bæjarfélagsins kynnt á stórsýningu í Laugardalshöll 17.-20. apríl

Mosfellsbær tekur þátt í Verk og vit

Mosfellsbær verður einn af þátttakendum á sýningunni Verk og vit sem er stórsýning tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð.

„Á sýningarbás Mosfellsbæjar verður lögð áhersla á þá miklu sérstöðu sem bærinn hefur þar sem á örskammri stundu er hægt að fara út í náttúruna en samhliða því að njóta full-Bent verður á ríkulega kosti til útivistar og afþreyingar og



Diddú með sitt fræga Pestó. Gott dæmi um mosfellskt verkvit.

kominnar þjónustu.

fjallað um uppbygginguna sem nú fer fram meðal annars í Helgafellshverfi, Krikahverfi og Leirvogstungu“ segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ. Menningarbænum Mosfellsbæ verður einnig gerð skil á Verk og vit en benda má á að andi Halldórs Laxness, heiðursborgara Mosfellsbæjar, mun svífa yfir vötnum og mun hann, eða einhver mjög líkur honum, heiðra básinn með návist sinni. Nánar um sýninguna má finna á verkogvit.is.

Helgihald næstu vikur:

6. apríl

Fermingarguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 10.30
Fermingarguðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 13.30
Báðir prestarnir

13. apríl

Messufall – frídagur starfsfólks

20. apríl – 4. sd. eftir páska, fjölskylduguðsþjónusta

í Lágafellskirkju kl. 13
lokastund barnastarfsins, grill og gleði ef veður leyfir.
Sr. Jón Þorsteinsson

27. apríl – 5. sd. eftir páska, guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Allar upplýsingar um helgihald og safnaðarstarf Lágafellssóknar er að finns á [heimasiðu kirkjunnar](http://heimasiðu.kirkjunnar)



SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!



Mynd/Magnús Már

Hljómsveitin The Nellies í úrslitum Músíktilrauna **Hljómsveit fólksins**

Þeir stóðu sig heldur betur vel strákarnir í hljómsveitinni The Nellies á Músíktilraunum Hins Hússins og Rásar 2 á dögunum. Strákarnir eru 16 ára gamlir og komust í 10 hljómsveita úrslit. Á lokakvöldinu sjálfu þann 15. mars unnu þeir símakosninguna þar sem fólkið í landinu hafði tækifæri til að kjósa og voru þeir félagar kosnir besta hljómsveitin. Þeir fengu vegleg verðlaun og fara á næstu dögum í myndbandagerð við eitt laga sinna.

Hljómsveitina skipa þeir Yngvi Rafn á gítar, Gísli á bassa, Óskar á trommur og Elvar Þór sér um sönginn. Þeir félagar eru allir ættaðir úr Mosfellbænum. Þeir hafa starfað saman síðan í ágúst 2007 og semja sína eigin rokktonlist. Jafnframt hafa þeir komið fram víða á undanförunum mánuðum og eru hvergi hættir. Rás 2 og Sjónvarpið vinna nú að þáttum um Músíktilraunir 2008 og þá ætti að vera hægt að sjá þessa efnilegu stráka koma fram.

RÓ

Aðalfundur 2008

Aðalfundur Skógræktarfélags Mosfellsbæjar verður haldinn í Safnaðarheimili Lágafellssóknar þann 21. apríl 2008 klukkan 20.

1. Almenn aðalfundarstörf
2. Önnur mál
3. Erindi: Yndisgarður skógræktar sem Þorbergur Hjalti Jónsson flytur. Verið velkomin, takið með ykkur gesti. Veitingar.

Stjórnin



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Sumarstörf 2008

**Mosfellsbær auglýsir eftirtalin
sumarstörf laus til umsóknar:**

Leiðbeinendur Vinnuskóla Mosfellsbæjar:

Störf yfirflokksstjóra, flokksstjóra og starfsmanns í umhverfisfræðslu sem jafnframt er umsýjónarmaður skólagarða.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af stjórnun og reynslu af að vinna með ungu fólki. Lágmarksaldur er 20 ár.

Nánari upplýsingar veitir Edda Davíðsdóttir, tómsundafulltrúi, í síma 566-6058 milli kl. 11-12, netfang: edda@mos.is.

Störf í íþrótt- og tómsundaskóla Mosfellsbæjar (sumarnámskeið):

Hópstjórar, stuðningsfulltrúar og almennir starfsmenn til að hafa umsýjón með og leiðbeina börnum í skólanum.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af starfi með börnum.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson, íþróttafulltrúi, í síma 566-6754 milli kl. 11-12, netfang: sg@mos.is.

Störf í þjónustumiðstöð og umhverfisdeild:

Störf verkamanna við garðyrkju og almenn verkamannastörf.

Nánari upplýsingar um störf í þjónustumiðstöð veitir Þorsteinn Sigvaldason, deildarstjóri tæknideilda, í síma 566-8450 milli 11-12, netfang: ths@mos.is og um störf í umhverfisdeild Oddgeir Þór Árnason, garðyrkjustjóri, í síma 566-8450 milli 11-12, netfang: otha@mos.is.

Umsóknareyðublöð fyrir ofangreind störf liggja frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á jarðhæð, Þverholti 2. Umsóknum skal skilað á sama stað. Einnig er hægt að sækja um störf á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is. /Stjórnsýsla/umsóknareyðublöð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launanefndar sveitarfélaga. Umsækjendur skulu vera fæddir 1991 eða fyrr.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk.



Mosfellsheiðarland ekki þjóðlenda

Mosfellsbær hefur sl. þrjú ár lagt í gríðarlega vinnu við að verja hagsmunum sína hvað varðar eignarrétt að stórum hluta Mosfellsheiðarlandsins. Mosfellsbær keypti uppúr 1930, af ríkissjóði, hluta ríkissjóðs í Mosfellsheiðarlandinu. Árið 2006 úrskurðaði óbyggðanefnd að tiltekinn hluti Mosfellsheiðarlandsins skyldi ekki teljast til þjóðlendu eins og ríkissjóður hafði þá gert kröfum um. Ríkið affrýjaði hinsvegar úrskurðinum. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur nú staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar þess efnis að Mosfellsheiðarlandið eigi ekki að teljast til þjóðlendu og þar með er eignarréttur Mosfellsbæjar og fleiri aðila viðurkenndur.



Bensínverð í Mosó

Nú eru reknar þrjár bensínstövar hér í Mosfellsbæ. Hvar er ódýrast að taka bensín? Hér kemur verðið hjá stöðvunum þremur, þegar blaðið fór í prentun, miðað er við sjálfafgreiðslu.

Atlantsolía við Krikahverfi

AQ 95 okt. 145,30 kr/ltr
Diesel 154,80 kr/ltr

Olís við Langatanga

olís 95 okt. 146,30 kr/ltr
Diesel 155,80 kr/ltr

NI við Háholt

NI 95 okt. 146,90 kr/ltr
Diesel 156,40 kr/ltr

Ferð í Reykjanesbæ

Þriðjudaginn 15. apríl verður farið í Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar í Duushúsum. Þar er m.a. hægt að skoða sýninguna: Batafloti Gríms Karlssonar. Einnig er glerblástur og kertasmíðja í næsta húsi og gallerí í Svarta pakkhúsinu.

Veitingar er svo hægt að kaupa á Kaffi Duus. Verð á akstri er kr. 1.000.- Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 13.

Upplýsingar og skráning er á skrifstofu félagsstarfsins á Hlaðhömrum og í síma 5868014, kl. 13-16.

Vinningstillaga Kristins Hrafnssonar á nýju listaverki á miðbæjartorginu


Hundraðþúsundmilljón tonn af sjóðheitu vatni

Úrslit eru kunn í samkeppni um útilistaverk sem prýða mun nýtt miðbæjartorg við Þverholt. Samkeppnin var haldin á vegum Mosfellsbæjar og Samorku í tengslum við 100 ára afmæli hitaveitu á Íslandi. Sigurtillagan er listaverk Kristins Hrafnssonar, Hundraðþúsundmilljón tonn af sjóðheitu vatni. Listaverkið er textaverk með megináherslu á texta Halldórs Laxness úr Innansveitarkróniku.

Listaverkið er hringur með sex metra þvermáli og smíðað úr Corten stáli. Undir því er rennandi heitt vatn sem myndar gufur uppúr 22 grindum. Í miðju verksins er ljósastaur sem lýsir



Kristinn Hrafnsson



upp hringinn, gufuna og gróðurinn í kring.

Í ályktun dómnefndar segi m.a.: „Framsetning tillögunnar er mjög góð. Mjög auðvelt er að átta sig á hugmyndinni og öll útfærsla tillögunnar er vel unnin. Hugmyndafræðilegur bakgrunnur nær á skemmtilegan hátt að samtvinnna sögu Mosfellsbæjar og sögu hitaveitunnar. Góð tenging er því bæði við söguna, umhverfið og heita vatnið.

Frankvæmdir eru nú þegar hafn-



Áætluð verklok torgsins eru í næsta mánuði



Séð yfir fyrirhugað miðbæjartorg í Þverholti

ar við torgið sem er um 1800 m² en áætluð verklok eru í maí á þessu ári.

Á morgun, laugardag, kl. 14 verður opnuð sýning á Bókasafninu á tillögunum sem bárust í keppnina.



Áhersla lögð á lágt verð eldsneytis og virka samkeppni

Atlantsolía opnar í Krikahverfi

Atlantsolía vígði á dögunum nýja bensínstöð í Krikahverfi í Mosfellsbæ. Það voru Albert Þór Magnússon forstjóri Atlantsolíu og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri sem dældu á fyrsta bílinn.

„Nú er lokið 13 ára bið Mosfellinga eftir ómannaðri bensínstöð. Í Mosfellsbæ eru skráðar um 10.000

bifreiðar en áætla má að sparnaður íbúa geti numið yfir 20 milljónum króna á ári nýti allir sér að dæla hjá Atlantsolíu,” segir Albert Þór.

Hluti ágóða af sölu fyrsta mánuðinn mun ganga til styrktar unglingastarfi Aftureldingar. Fjöldi fólks lagði leið sína á opnunarhátíð

stöðvarinnar þar sem skólahljóm-sveitin spilaði og boðið var upp á veitingar.

Stöðin var rúma fjóra mánuði í byggingu en það var Rein hf. sem sá um verklegar framkvæmdir, VGK Hönnun sá um eftirlitsþátt og Teiknistofan Tröð sá um hönnun stöðvarinnar.

ELDRI BORGARAR

Snæfellsnes í júní!

Skráning er hafin í ferð á Snæfellsnes, dagana 25. og 26. júní. Meðal annars verður ekið um nesið með viðkomu á ýmsum stöðum, t.d. í Bjarnarhöfn þar sem hægt er að kaupa bæði hákarl og harðfisk. Ferðin kostar kr. 19.000.-, þ.e. akstur, gisting á Hótel Stykkishólmi og matur. ATH: Skráning er til 30. apríl. Lágmarksfjöldi þátttakenda eru 30 manns.



Bjarki gluggar í nýút-
komna bók sína Mosalyng,
þjóðsögur úr Mosfellssveit.



Bjarki Bjarnason rithöfundur gefur út Mosalyng Þjóðsögur úr Mosfellssveit

Út er komin bókin Mosalyng, þjóðsögur úr Mosfellssveit, sem gefin er út af Sögufélagi Kjalarnesþings. Ritstjórar eru Bjarki Bjarnason formaður og Þórdís Edda Guðjónsdóttir þjóðfræðingur. Bókin inniheldur þjóðsögur ýmiskonar, jafnt gamlunnar allt frá Agli Skallagrímssyni til nútímasagna sem hvergi hafa birst áður. Í bókinni er kort af svæðinu ásamt fjölda litljósmynda. Bókinni er skipt upp eftir hefðbundnum efnisflokkum.

Magnús Guðmundsson tók viðtöl í tengslum við útgáfu bókarinnar Mosfellsbær saga byggðar í 1100 ár og var farið yfir þau viðtöl og fundnir punktar sem við átti. Sögufélagið fékk jafnframt Þórdís Eddu til þess að fara í gegnum söfn í leit að sögum í verkið. Þórdís skrifaði B.A.-ritgerð í þjóðfræði árið 2004 um efnið og heitir hún Sagnir úr Mosfellssveit.

Bókin er til sölu í Álafossbúðinni og í Galleríu Þóru leirlistarkonu á Hvirfli.

Mikið um að vera hjá krökkunum í Lágafellsskóla

Listavika í skólanum

Víkuna 10.–14. mars var listavika í Lágafellsskóla. Þrjú ólík þemu var um að ræða þar sem viðfangsefnið skiptust eftir stigum.

Leikskóladeildin og yngsta stig skólans þ.e. 1.–4. bekkur unnu saman með þemað „Dýrin í Hálsaskógi“ þar sem nemendur settu upp leikritið og sýndu foreldrum og gestum. Þar var mikið sungið, leikið og trallað Miðstigið, þ.e. nemendur í 5.–7. bekk unnu með indíánþema. Nemandur skreyttu ekki bara skólann sinn heldur mátti sjá dansandi nemandur skreytta með fjöðrum og öðru indíánaskrauti stíga regndansinn, slá indíánataktinn.

Þemað í elstu deildinni var svo áttundi áratugurinn þar sem nemandur lærðu ýmislegt um tískuna, tónlistina, hárgreiðsluna og dansana frá þessu tímabili. Nemandur tóku þátt af miklum áhuga og sjá mátti tísku þessa tímabils um allan skólann. Einnig var kennsla í ljósmyndun og kvikmyndagerð. Fjölmíðlahópur starfaði og fylgdist með öllu sem gerðist og tók myndir og viðtöl við nemandur á öllum stigum. Á fimmtudagskvöldinu var svo mjög vel heppnuð árshátíð unglíngadeildar skólans og þemað var að sjálfsögðu áttundi áratugurinn.



Bakaradrengirnir í Hálsaskógi.



Skreyttir indjánar stíga regndans.



Gott er að borða gullrótina....



Diskó, diskó, diskó, frískó...



Rannveig og Arna Björk með á nótnum.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur)

4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með
lausagöngu hunda og
þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á
almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Styrkir til foreldra ungra barna

Foreldrar eða forráðamenn barna á aldrinum 1–2ja ára geta sótt um styrk þar til barnið byrjar í leikskóla. Mánaðarleg styrktarupphæð er 25.000 kr. en 31.800 kr. fyrir börn í forgangshópi.

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að barnið eigi lögheimili í Mosfellsbæ í byrjun greiðslumánaðar styrks og að sótt hafi verið um styrkinn á þar til gerðu eyðublaði.

Fyrst er hægt að sækja um styrk í mánuðinum áður en barnið verður eins árs. Umsókn er ekki afturvirk og tekur gildi frá og með næsta mánuði eftir að gild umsókn hefur borist.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is eða í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar

Ofvirk í félagsmálum

Valgerður kemur manni fyrir sjónir sem róleg og yfirveguð kona en þó er greinilegt að undir rólegu yfirborðinu býr metnaður og kraftur. Hún hefur einstaklega góða nærveru og veit hvað hún vill og hvað hún stendur fyrir.

Valgerður er fædd í Hrísey og bjó þar til fjórtán ára aldurs en þá fluttu foreldrar hennar þau Magnús Sigurjón Þorsteinsson og Guðrún Björg Sigurðardóttir til Reykjavíkur.

„Ég er þriðja í röð sex systkina“ segir Valgerður er ég spyr hana út í fjölskylduna, „tvö eldri systkini mín sammæðra eru þau Sigrún Bjarglind og Mikael en ég er elst fjögurra al-systkina en á eftir mér kemur Auður, Erna og svo Skúli.

Mamma var mikið ein með okkur systkinin því pabbi vann á sumrin á Raufarhöfn sem verkstjóri á síldarplani og sem verkstjóri í Grindavík á veturna. Við fórum svo alltaf til hans á vorin og vorum fram að skóla á haustin og það var mikil upplifun að vera á Raufarhöfn.“

Þurfti leyfi forseta til að giftast

„Um haustið 1964 fluttu foreldrar mínir til Reykjavíkur og keyptu þau íbúð á Ægisíðunni þar sem við bjuggum allar götur síðan.

Ég gekk í Hagaskóla og útskrifaðist þaðan árið 1967, þá var ég orðin gift kona en ég kynntist manninum mínum Elfasi K. Þorsteinssyni þegar ég var 15 ára, við trúlofuðum okkur og giftumst í mars 1967. Ég þurfti leyfi til að gifta mig svona ung og fékk það leyfi hjá forseta Íslands, Ásgeiri Ásgeirssyni, þetta þótti frekar sérstakt í skólanum og var örugglega ekki algengt en svona var þetta nú samt“ segir Vallý brosandi.

„Við hjónin fluttum í Mosfellsbæinn árið 1975 og leigðum fyrst íbúð í gamla verkstæðishúsinu við Hlíðartún. Við bjuggum þar á meðan við



MOSFELLINGUR

vorum að byggja í Arnartanganum, fluttum síðan þangað á aðfangadag jóla 1977 og búum þar enn.

Við Elías eigum eina dóttur sem heitir Guðrún Björg og er fædd 1974 og er lyfjafraeðingur að mennt. Hún er gift Arnari Þór Björgvinssyni rafvirkja og eiga þau tvær dætur auk þess sem þau eiga von á sínu þriðja barni í vor.

Við hjónin vorum afskaplega ánægð þegar við fréttum að fjölskyldan ætlaði að kaupa hús í sömu götu og við og nú geta stelpurnar hlaupið til ömmu og afa án þess að fara yfir götu, þær eru okkur miklir gleðigjafir.“

Útskrifaðist sem lyfjatæknir

„Eftir gagnfræðaskólagönguna

hneigðist hugur minn til hjúkrunarnáms en vegna þess að ég var orðin gift kona og vildi fara að búa þá varð ég að fara að vinna til að geta leigt íbúð. Elías var farin að læra bifvéla-virkjun og tekjurnar ekki háar, ég sótti um hjá Coca Cola verksmiðjunni og vann þar í fjögur ár eða þangað til ég fékk vinnu á Landakoti. Þar lærði ég til sjúkraliða og vann þar til ársins 1975 er ég skráði mig í Lyfjatækniskóla Íslands og útskrifaðist þaðan 1978 sem lyfjatæknir. Ég hóf störf í Garðsapóteki en sótti síðan um í Mosfellsapóteki og fékk vinnu þar en árið 1990 réði ég mig í hlutastarf að Reykjalundi sem sjúkraliði og vann á báðum stöðum til ársins 1999. Þá var ég ráðin sem forstöðumaður í íbúðum aldraða hér í Mosfellsbæ og hef ég unnið þar síðan, að vera í návist eldri borgara dagsdaglega er mjög gefandi starf.“

Valgerður allra kóra og félaga

„Ég hef alla tíð verið mikil félagsvera og í gegnum tíðina hef ég verið í mörgum félögum og hef líka tekið að mér veislustjórn þegar til mín hefur verið leitað. Ég syng í kirkjukór Lágafellssóknar og er formaður kórsins

um þessar mundir. Ég er líka félagi í Leikfélagi Mosfellsveitar og einn vinur minn þar gaf mér nafnbótina „Valgerður allra kóra og félaga“ því mörgum fannst ég vera í svo mörgum félögum og að nafnbótin væri réttmæt“ segir Valgerður og hlær.

„Í dag er öldin önnur, ég var svo óheppinn að greinast með slitgigt og hef verið ansi slæm af völdum hennar og veikindi mín hafa gert það að verkum að ég get minna stundað félagslífið en áður.“

Mikil handavinnukona

„Ég hef afskaplega gaman af allri handavinnu og á kannski ekki langt að sækja það því mamma, systur mínar og hreinlega allur kvenleggurinn eru miklar handverkskonur.

Við fengum það líka í vöggugjöf að elda góðan mat og það líður varla sú vika að við hjónin fáum ekki til okkar matargesti sem við höfum einstaklega gaman af. Ég hef farið á mörg námskeið í matargerð og austurlenskur matur er mitt uppáhald segir þessi fjölhæfa og brosmilda kona að lokum.“

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni



Fjölskyldan: Aftast frá vinstri Elías og tengdasonurinn Arnar Þór, Vallý heldur á Örnú Björgu og Guðrún Björg heldur á Elínu Björgu.



Á brúðkaupsdeginum árið 1967.



Vallý ásamt systur sínum, Vallý 7 ára, Erna 3 ára, Sigrún 16 ára og Auður 4 ára.

Heilsuvika í Mosfellsbæ 14.-19. apríl

Kæru Mosfellingar.

Hvað viljum við kenna okkur við sem bæjarfélag? Íþróttabærinn? Heilsubærinn? Margt fleira kemur til greina en eitt er víst, við komumst ekkert nema taka stefnuna þangað sem við ætlum.

Við erum þátttakendur í verkefninu „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“ sem fjallar um heilsusamlegan lífsstíl. Margt gott hefur áunnist þar en við getum gert betur. Til þess þurfum við að standa saman og hjálpast að. Hvað er skemmtilegra en að vinna að velferð og ánægju í samfélaginu sem við búum í?



Óhófleg kaffidrykkja er meira en fjórir bollar á dag.

Hreyfing: Gengið í og úr vinnu/skóla, kostar ekkert í kreppunni.

Hvíld: Nægur svefn gefur betra starfsþrek og skerpir minnið, sparar tossamiðana.

Hamingja: Jákvæð og góð samskipti sparar reiði og filuköst sem eru svo leiðinleg.

LÝÐHEILSUHORNID

Tökum nú höndum saman og sýnum vilja okkar í verki með heilsuviku 14.-19. apríl nk. sem við munum síðan gera að lífsstíl okkar. Hvað gerir ein vika fyrir heilsuna? Jú, hún hjálpar okkur að byrja og gera svo hlutina að föstum lið í lífi okkar.

Hvað getum við gert?

Hollusta: borðað grænmeti, ávexti, fjölbreytt og ferskt í hæfilegum skömmtum. Drukkið vatn, ennþá ókeypis, í stað súrra og sætra drykkja.



Sjáumst á hinum frábæru göngustígum bæjarins.

Fyrir hönd stýrihóps „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“ Vigdís Steinþórsdóttir

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

HEILSUDAGURINN

Laugardaginn 19. apríl kl. 12-14

Fjölskyldu- og skemmtihlaup ELDINGAR

Allir fá þáttökupening

3 og 5 KM

Hlaupið hefst kl. 12:15 við Vallarhúsið

Forskráning í íþróttahúsinu og ELDINGU

500 kr. þáttökugjald - **Frítt** fyrir leik- og grunnskólabörn



Guðrún Adólfssdóttir næringarráðgjafi frá Sýni verður á staðnum milli 12 og 14 og svara öllum spurningum er tengjast næringu – munið að allar spurningar eru leyfðar

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR FRÁ HEILSUGÆSLUNNI

verður á staðnum.

- Blóðþrýstingsmælingar fyrir þá sem þess óska
- Hæðamælingar og fleira skemmtilegt fyrir börnin

HOPPUKASTALI OG ÁHALDAHRINGUR VERÐUR Í ÍÞRÓTTAHÚSINU

UPPLÝSINGABÁSAR VERÐA Á STAÐNUM

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.



JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAÐ
SEM
TIL
PARF



VGH

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS



OPIÐ: virka daga 11:00-18:00 og eftir samkomulagi

gsm 894 1825 www.simnet.is/essinn essinn@simnet.is

ALHLIÐA INNROMMUN

MERKING OG MYNDA SAUMUR

GJAFAVÖRUR Í ÚRVALI



www.fastmos.is
Sími: 586 8080

**Kjarna, Pverholti 2
Mosfellsbæ**

EINAR PÁLL KJÆRNEDSTED
Löggiltur fasteignasali



Prastarhöfði – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ

Mjög glæsileg 91,5 m² 3ja herbergja íbúð á efstu hæð ásamt bílastæði í bilageymslu í nýlegu 3ja hæða fjölbyggi á flottum stað í Mosfellsbæ. Íbúðin sérlega falleg, með ljósu eikarplastparketi og náttúruflisum á gólf. Hvít innrétting í eldhúsi með AEG tækjum. Mjög fallegt útsýni er úr íbúðinni út á sundin. World Class, ný sundlaug og skóli/leikskóli rétt við húsið.
Verð kr. 26,9 m.



Skeljatangi – 4/5 herbergja

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu vel nýtt 94,2 m² Permaform íbúð á 2. hæð í litlu fjórbylishúsi við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru 3-4 svefnherbergi, mjög flott eldhús með góðum borðkrók, gott baðherbergi og rúmgóð stofa. Þetta er falleg og góð íbúð í vinsælu hverfi í Mosfellsbæ.
Verð 26,5 m.



Prastarhöfði – 4ra herb + bílsk.

Afar glæsileg 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbyggi við Prastarhöfða 5 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög glæsileg, með eikar plankaparketi og flisum á gólf, hnotu innihurðar og innréttingar hvítar/hnota. Hér hefur hvergi verið til sparað – frábær staður, sundlaug, líkamsrækt, skóli, leikskóli, golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. Áhv. 19,4 m. frá Glitni m/5,0% vöxtum. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning.
****Verð 31,9 m.****



Furubyggð – 112,4 m² raðhús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu 112,4 m² endaraðhús á einni hæð á stórrí homlóð í grónu og fallegu hverfi í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulagt raðhús á tveimur pöllum, hannað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottahús, eldhús með borðkrók og stór stofa/sólstofa. Stór mikil homlóð í suður og vesturátt og gott bilaplan fyrir framan húsið.
Verð 32,5 m.



Tröllateigur – 4ra herb.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu flotta 100,7 m², 4ra herbergja íbúð á 2.hæð í 2ja hæða fjölbyggi með opnum stigagangi við Tröllateig 45 í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulögð íbúð með 3 rúmgóðum svefnherbergjum, stóru stofu og mjög rúmgóðu eldhúsi. Baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og sér þvottahús inn af baði. Mikil lofthæð er í íbúðinni sem gefur henni fallegt útlit
Verð kr. 27,6 m.



Grenibýggð – 164 m² raðhús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu flott og endurbætt 164 m² raðhús á tveimur hæðum, auk rísherbis sem ekki kemur fram í m² tölu hússins. Á jarðhæð er glæsilegt eldhús, stór stofa, sólstofa, þvottahús og gesta WC, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og baðherbergi og í risi stórt herbergi. Stórt hellulagt bilaplan fyrir frama bílskúr og mjög skjólgóður suðvesturgarður bakatil.
Verð 43,5 m.



Klapparhlíð - 97 m² íbúð

Vorum að fá í sölu 97 m² endaíbúð á 2. hæð nýlegu 3ja hæða fjölbyggi við Klapparhlíð 24 í Mosfellsbæ. Þetta er mjög falleg endaíbúð með eikarparketi og mahony innréttingum. Flísalagt baðherbergi m/sturtu og sér þvottahús. Flottur staður, mjög stutt í World Class, Lágafellslaug, Lágafellsskóla og leikskólann Hulduberg.
Verð kr. 27,5 m.



Byggðarholt – 131,5 m² raðhús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá mikið endurbætt og vel nýtt 131,5 m² endaraðhús á tveimur hæðum í mjög skemmtilegu hverfi í Mosfellsbæ. Á aðalhæð er eldhús, stór stofa, forstofa og hjónaherbergi, en á neðri hæð eru 2-3 rúmgóð herbergi, baðherbergi m/kari og sturtu og hol. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta timburverönd í suðvestur. Topp staður, stutt í Varmárskólasvæðið sem og í miðbæ Mos.
Verð 32,8 m.



Tröllateigur – 115,6 m² íbúð

Falleg 115,6 m², 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju fjórbylishúsi við Tröllateig 23 í Mosfellsbæ. Gengið er inn í íbúðina af opnum svalagangi. Allar innréttingar eru úr eik og eikarparket og flísar á gólfum. Stofa, borðstofa, sjónvarpshol, flott eldhús og þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, sér þvottahús og geymsla. Mjög stórar svalir í suður. Þetta er vönduð íbúð rétt við miðbæ Mosfellsbæjar.
Verð. 30,9 m.



Pverholt - 2ja herb.

Falleg 57,7 m², 2ja herbergja (ósamþykkt) íbúð á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög smekkleg innréttuð og vel nýtt, flísar á gólfum, rúmgóð stofa og eldhús og baðherbergi með fullkomnum sturtuklefa. Mjög gott aðgengi, sér inngangur beint af bilaplani.
Verð kr. 14,4 m.



Klapparhlíð – 4-5 herb.

Þetta er 112,6 m² endaíbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbyggi með opnum stigagangi við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja, en er í dag 4ra herbergja, hægt að breyta aftur. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofa og gangur með merbau parketi, flísar á baði og þvottahúsi og korkflísar á forstofu og eldhúsi.
Verð kr. 29,9 m.



Rauðamýri - 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu mjög fallega og stóra, 2ja herbergja, 81 m² íbúð á 2.hæð í nýju 3ja hæða fjölbyggi með miklu útsýni við Rauðamýri 3 í Mosfellsbæ. Þetta er afar smekkleg og fallega hönnuð íbúð, hvítt eikarparket og flísar á gólfum, birk innréttingar í eldhúsi, baði, svefnherbergi og forstofu. Innfelld halogen lýsing í loftum og falleg gluggatjöld. Hér fá menn eina með öllu.
Verð kr. 22,7 m.



Spóahöfði – neðri sérhæð

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu 4ra herbergja neðri sérhæð í tvíbylishúsi, með fallegri aðkomu að neðri hæðinni. Íbúðin er 126,3 m², og skiptist í 3 rúmgóð svefnherbergi, lokað eldhús, stóra stofu, flott baðherbergi og sér þvottahús. Flísar og ljóst parket á gólfum. Íbúðinni fylgir 50 m² séráfnataréttur af lóð í suðvestur. Flottur staður, golf, sund, gönguleiðir, skólar og líkamsrækt í göngufærni.
Verð 32,9 m.



Hjallahlíð – 174,6 m² raðhús

Til sölu tveggja hæða raðhús við Hjallahlíð 13 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 149,5 m² og bílskúrin 25,1 m². Á jarðhæð er forstofa, stofa, eldhús, hjónaherbergi, svefnherbergi og gesta WC. Á 2. hæð er sjónvarpshol, 2-3 svefnherbergi og baðherbergi. Stórt hellulagt bilaplan með snjóbræðslu og timburvernd í suðurgarði. Frábær staður við skóla, sundlaug og golfvöll.

Verð 45,5 m.



Reykjamelur – 151 m² einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu mjög fallegt 125,6 m² einbýlishús ásamt 25,0 m² innbyggðum bílskúr í litlum botnlanga við Reykjamel í Mosfellsbæ. Húsið er mjög hlýlegt með stóru eldhúsi, rúmgóðri stofu, tveimur svefnherbergjum, baðherbergi m/kari og stóru þvottahúsi. Mjög stór timburvernd er umhverfis húsið með heitum potti, tveimur kofum og skjólgirðingu. Bilaplan og gönguleið eru hellulögð. Húsið er eitt það krúttlegasta sem sést hefur í bænum.

Verð 41,7 m.



Stóríteigur – 206 m² raðhús

146,6 m² raðhús á einni hæð með bílskúr ÁSAMT ca. 60 m² kjallara í litlum botnlanga við Stóríteig 19 í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulögð íbúð með 4 svefnherbergjum, eldhúsi, sjónvarpsholi, stofu, baðherbergi og gestasaleri á jarðhæð og stóru leikherbergi/vinnuherbergi, geymslu og þvottahúsi í kjallara. 28 m² bílskúr og stórt hellulagt bilaplan fyrir framan húsið.

Verð kr. 39,7 m.



Prastarhöfði – Nýtt 250 m² einbýlishús

Glæsilegt 250 m² einbýlihus á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Prastarhöfða 16 í Mosfellsbæ. Húsið er einangrað að utan og klætt með flisum og harðvið. Mikill lofthæð í húsinu sem setur sterkan svip á hönnun þess. Íbúðin er fallega innrétuð með hvítum innréttingum og eikparketi og flisum á gólfum. 4 stór svefnherbergi, 2 baðherbergi, stórt þvottahús og 44 m² bílskúr. Flott sundlaug, World Class, skóli og golfvöllur í innan við 100 metra fjarlægð.

Verð 76,9 m.



Prastarhöfði – Glæsilegt parhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu mjög flott 197,7 m² parhús á tveimur hæðum í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. Húsið er byggt árið 2006 og vel í lagt. Á jarðhæð er stofa, stórt eldhús, gestasaleri og innbyggður bílskúr. Á 2. hæð eru þrjú góð svefnherbergi, glæsilegt baðherbergi m/ hombaðkari og stórum sturtuklefa, fataherbergi og stórt sjónvarpshol. Stórar svalir í suður og vestur. Garður að mestu leiti byggður palli með stóri skjólgirðingu, en þar er heitur pottur með 17° skjá – eign sem menn verða að skoða.

Verð kr. 67,8 m.



Klapparhlíð – 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 m² íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Húsið sérlega vandað, einangrað og klætt að utan með flisum og harðvið. Gólfplötur á milli hæða eru tvöfaldar sem gefur betri einangrun. Fallegar flisar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðaoefni og stórt hjónaherbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir.

Verð kr. 27,5 m.



Brekutangi – Raðhús m/aukaíbúð

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 287,7 m² endaraðhús á tveimur hæðum, auk kjallara með aukaíbúð við Brekutanga í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er svefnherbergi, eldhús, stofa og gesta WC, auk bílskúrs. Á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og baðherbergi. Í kjallara er geymsla, hol og þvottahús, svo og 3ja herbergja ósamþykkt íbúð með sérinngangi.

Verð kr. 49,8 m.



Klapparhlíð – 2ja herb. + bílsk.

90,5 m², 2ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4ra hæð fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Þetta er vönduð lyftublokk með bílakjallara. Íbúðin er björt og rúmgóð, eikarparket og flisar á gólfum og fallegar eikar innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergi. Stór stofa og borðstofa og svalir eru yfirbyggðar og með glerhurðum sem hægt er að opna. Bílastæði í bílageymslu fylgir. Sundlaug, líkamsrækt og golfvöllur, allt í göngufæri við húsið.

Verð 31,5 m.



Lágholt – 187,3 m² einbýli

Til sölu 187,3 m² einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr við Lágholt 11 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús m/borðkrók, þvottahús m/bakinnangi og baðherbergi m/kari. Húsið stendur á 862 m² lóð á skjólgóðum stað í eldri hluta Mosfellsbæjar. Eignin er snyrtileg og vel viðhaldið, enda aðeins 2 eigendur frá upphafi.

Verð kr. 41,9 m.



Klapparhlíð – 3ja herb.

Falleg 107,4 m², 3ja herbergja íbúð á JARÐHÆÐ í 4ra hæða lyftuhúsi við Klapparhlíð 3. Íbúðin er vönduð í alla staði, eikarparket og flisar á gólfum. Tvö rúmgóð herbergi, stórt baðherbergi með tvöföldu baðkari, sér þvottahús/geymsla, stór stofa og glæsilegt eldhús með eikarinnréttingu og eyju. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta vernd sem eykur notagildi íbúðarinnar mikið.

Verð kr. 30,9 m.



Langitangi – 171 m² einbýlihus

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu mjög fallegt einbýlishús á einni hæð með sambyggðum bílskúr og stórrí og gróinni lóð við Langatanga í Mosfellsbæ. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flisum og granitborðplötu, baðherbergi nýlega endurnýjað með stórum glersturtuklefa, fjögur svefnherbergi, sjónvarpshol, þvottahús gestasaleri, stór stofa og borðstofa með arni og timburvernd og skjólgóður garður. Verð 54,8 m.



Hafravatn – 45 m² hús – 2.040 m² lóð

Til sölu 44,8 m² sumarhús á 2.040 m² eignarlóð í sumarhúsahverfi við Hafravatn í Mosfellsbæ. Húsið er byggt árið 1979 og þarfnast endurbóta, en samþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir allt að 70 m² fristundahúsi á lóðinni. Töluverður trjágróður eru á lóðinni Þetta er kjörð tækifæri fyrir þá sem vilja eignast húsnaði á þessum frábæra stað – þetta er sannarlega sveit við borg.

Verð 17,5 m.



Sveinsstaðir - einbýli

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu mjög sérstaka eign við Sveinsstaði í Mosfellsbæ. Þetta er 104 m² einbýlishús ásamt 31 m² bílskúr á 2.000 m² eignarlóð við skógivaxið svæði rétt við Reykjalundarveg. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús, þvottahús og baðherbergi. Töluverð trjárákt er á lóðinni, en þar er einnig gróðurhús og heitur pottur.

Verð kr. 39,5 m.



Klapparhlíð - 99 m² íbúð

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu 99 m² endaíbúð á efri hæð nýlega 2ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 26 í Mosfellsbæ. Þetta er mjög falleg endaíbúð með eikarparketi og eikar innréttingum. Íbúðin er upphaflega 4ra herbergja, en býð er að stækka stofu á kostnað annars barnaherbergi, en auðvelt er að breyta þessu aftur. Þetta er mjög góður staður í Mosfellsbæ, - mjög stutt í World Class, Lágafellsskóla og leikskólann Hulduberg.

Verð kr. 29,5 m.



Kraftmikið starf í knattspyrnudeild

Aðalfundur knattspyrnudeildar Aftureldingar var haldinn á dögunum. Reknar eru átta deildir kvenna og átta deildir karla en fá félög geta státað af slíku. Í fyrsta sinn á starfsferli deildarinnar fór fjöldi iðkenda yfir 400 að meistaraflokkum meðtöldum. „Knattspyrnuhús er til dæmis mikilvægur staðalbúnaður fyrir bæjarfélag með fleiri en 5000 íbúa“ segir Pétur Magnússon fráfarandi formaður knattspyrnu-deildar. Áhyggjur voru einnig uppi um Varmárvöll, vegna úrvalsdeildarleikja sem fram fara þar í sumar. Þykir hann ekki boðlegur fyrir lið í Landsbankadeild og óskað var eftir að þrýst yrði á bæjaryfirvöld um úrbætur.



Silfur hjá Frímanni á Íslandsmótinu

Frímann Guðstaf Frímannsson, 16 ára hnefaleikakappi, gerði sér lítið fyrir og hafnaði í öðru sæti á Íslandsmótinu í hnefaleikum. Mótið fór fram í Reykjanesbæ um síðustu helgi og keppti Frímann í léttvigt, í flokki 64 kg og léttari. Hann hefur einungis æft hnefaleika í eitt ár en náð góðum árangri undir dyggri leiðsögn Villa í Hnefaleikastöðinni.

Mosfellsbær og Afturelding hafa skrifað undir tímamótasamning

Stuðningur við meistaraflokka

Mosfellsbær og Afturelding hafa skrifað undir tímamótasamning þar sem kveðið á er um stuðning bæjarins við meistaraflokka Aftureldingar í knattspyrnu og handknattleik. Þetta er í fyrsta sinn sem bærin kemur með beinum hætti að stuðningi við meistaraflokka Aftureldingar með þessum hætti, þ.e. með beinum peningastyrkjum ár hvert næstu þrjú árin.

Enginn vafi leikur á að meistaraflokkar Aftureldingar, jafnt í handknattleik sem knattspyrnu, eru flaggskip deildanna sem þarf að hlúa vel að svo ungvíðið hafi að einhverju að stefna. Meistaraflokkslið Aftureldingar í handknattleik karla og knattspyrnu kvenna leika í úrvalsdeild á meðal bestu liða landsins og ljóst er að það kostar mikla vinnu og fjármuni að liðin haldi stöðu sinni. Því má heldur ekki gleyma, að sú staðreynd að Afturelding og Mosfellsbær eiga lið í úrvalsdeild styrkir mjög mynd bæjarins.



F.v. Pétur Magnússon, fráfarandi formaður knattspyrnudeildar; Guðmundur Pétursson, formaður handknattleiksdeildar og Hallur Birgisson, formaður meistaraflokksráðs kvenna í knattspyrnu. Jón Pálsson, formaður Aftureldingar og Haraldur Sverrisson bæjarstóri, sitja við borðið eftir undirritun samningsins við meistaraflokkana.

Meistaraflokkur í handbolta hefur átt erfitt tímabil í úrvalsdeild

Fallnir, en gefast þó ekki upp

Meistaraflokkur Aftureldingar í handknattleik hefur átt erfitt uppdráttar í N1-deildinni á tímabilinu. Í vikunni töpuðu þeir fyrir Akureyri og urðu þá vonir um að halda sér í deildinni að nánast engu. Afturelding er með níu stig og vermir næst neðsta sæti deildarinnar en Akureyringar eru næstir fyrir ofan með 18 stig.

„Þetta hefur verið erfitt, við vissum að við þyrftum að styrkja mannskapinn á tímabilinu en það gekk ekki eftir. Það eru 12 stig eftir í pottinum og við ætlum bara að hafa gaman að þessu og berjast til síðasta blóðdropa“ segir Bjarki Sigurðsson þjálfari. Aðspurður hvað tæki við ef Afturelding félli sagði hann: „Við övæntum ekki. Liðið er mjög efnilegt og frambærilegt. Hins vegar er fyrirkomulagið hjá HSÍ fíranlegt, 25% fall í 8-liða deild er óboðlegt og tvær deildir á Íslandi er bara bull. Vonandi verða breytingar til hins betra hjá HSÍ fyrir næsta tímabil.“

Í kvöld er útileikur gegn HK.



Haukur Sigurvínsson í vígahug.

Góður árangur á heimsmeistaramóti öldunga

Halldór Matthíasson úr Frjálsíþróttadeild Aftureldingar tók þátt í heimsmeistaramóti öldunga sem fram fór í Clermont í Frakklandi á dögunum. Á mótinu kepptu um 3500 manns frá 70 löndum. Halldór keppti í stangarstökki í flokki 55-59 ára og varð þar í 5.sæti, stökk 3.10 metra.

Hann keppti einnig í fimmfarþraut á mótinu og varð hann í 9. sæti í þeirri grein, hann hljóp 60 m grindahaup á 12.45 sek., stökk 4.48m í langstökki, varpaði kúlu 9.45m, stökk 1.42m í hástökki og hljóp 1000m á 3:53,13 mín.

Halldór hlaut samtals 2.840 stig í þrautinni.

Til gamans má einnig geta þess að Halldór tók þátt í Norðurlandamóti öldunga í Reykjavík í vetur og er Norðurlandameistari í hástökki 55 - 59 ára og stökk þá 1.44m.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Þverholti 2
Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is

Fræðslu- og hvatningarverkefni ÍSÍ sló í gegn hjá Mosfellungum

Góður árangur í Lífshlaupinu

Mosfellsbær stóð sig með prýði í áttakinu „Lífshlaupið“, sem nú er nýlengið, en þar var markmiðið að hvetja til aukinnar hreyfingar hjá börnum jafnt sem fullorðnum.

Bæjarskrifstofa Mosfellsbæjar náði þriðja sæti í sínum flokki í vinnustaðakeppninni um flestar mínútur, enda myndaðist góð stemmning á vinnustaðnum og spennandi keppni milli liða innanhúss. Grunnskólarnir í Mosfellsbæ gerðu enn betur, en nemendur skólanna beggja tóku þátt í hvatningarleik Lífshlaupsins og urðu í fyrsta sæti, hvor í sínum flokki. Lágafellsskóli vann í flokki skóla með fleiri en 400 nemendur og Varmárskóli sigraði í flokki skóla með 150-399 nemendur.

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Haraldur Sverrisson, veitti viðurkenningarskildi móttöku við hátíðlega athöfn í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal.

Það er ljóst að starfsfólk og nemendur hafa brugðist frábærlega við þeirri áskorun sem fólst í þessu átaki, með aukinni hreyfingu og um leið bættri heilsu.



6. SS í Varmárskóla með hollustuna á hreinu.

Lionsklúbbarnir taka þátt í landssöfnun um helgina með rauðu fjöðrinni

Margt smátt gerir eitt stórt

Lionshreyfingin á Íslandi stendur fyrir landssöfnun í samvinnu við Blindrafélagið dagana 3. til 6. apríl. Söfnunarfénu verður varið til að fjármagna hlut Blindrafélagsins í verkefninu „Leiðsöguhundar fyrir blinda“ en það verkefni er einnig styrkt af heilbrigðisráðuneytinu.

Það er heiður fyrir okkur Lionsmenn að koma að þessu verkefni sem örugglega á eftir að breyta ýmsu í lífi þeirra sem koma til með að nota hundana. Það er von okkar að einstaklingar og fyrirtæki leggi okkur lið í þessu verkefni með því að leggja sitt af mörkum, segir Kristinn Hannesson formaður Lionsklúbbs Mosfellsbæjar

Hægt er að leggja inn á reikning söfnunarinnar. Banki: 0111-15-380460 og kt: 640572-0869.

Fyrirtæki fá senda kvittun frá Lionsskrifstofunni fyrir framlag sitt. Fólk á vegum Lionsklúbbsbanna í Mosfellsbæ verður stutt við verslanir í heimabyggð um helgina til söfnunar.



Dagný S. Finnsdóttir formaður Úa, sem er Lionklúbbur kvenna í Mosfellsbæ og Kristinn Hannesson formaður Lionsklúbbs Mosfellsbæjar.



Söfnunarfénu verður varið til að fjármagna hlut Blindrafélagsins í verkefninu „Leiðsöguhundar fyrir blinda“

www.mos.is



MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Skilafrestur fyrir Frístundahandbók

Frístund 2008-2009


Upplýsingarit um tómstundastarf.

Hópar og félagasamtök eru minnt á að skila inn upplýsingum fyrir Frístund 2008-2009.

Gjarnan má láta fylgja með mynd úr starfinu.

Skilafrestur er til 6. apríl.

Netfangið er fristund@mosfellingur.is



Bjarki Steinn fékk aðalvinninginn

Knattspyrnudeild Aftureldingar hélt veglegt páskaþing í Lágafellsskóla fyrir páskana. Fjöldi glæsilegra vinninga voru á boðstólum og fyrirtæki í Mosfellsbæ styrktu atburðinn myndarlega. Bjarki Steinn Bjarkason var svo heppinn að hreppa aðalvinning dagsins sem var gjafabréf fyrir flugferð til útlanda sem var í boði Sigurplasts.



Birtingarmynd hins óendanlega

Birtingarmynd hins óendanlega er heiti á málverkasýningu Bryndísar Brynjarsdóttur í Listasal Mosfellsbæjar. Í málverkum Bryndísar speglast sýn hennar á heimaslóðir sínar á Dalvík og nágrenni. Efniviður myndanna er landslagið og óendanleikinn, í tíma og rúmi, sem hún endurmótar samkvæmt persónulegri upplifun sinni og fléttar þannig saman hugsýn og veruleika. Sýningin stendur til 26. apríl og er aðgangur ókeypis.



Vetrartónleikar skólahljómsveitar

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar heldur vetrartónleika í íþróttahúsinu að Varmá sunnudaginn 20. apríl kl. 20. Þar munu allir hópar leika, byrjendur, A, B, og C sveit. Undibúningur er hafinn fyrir utanlandsferðir B og C sveita í sumar. B sveitin fer til Danmerkur og C sveitin fer til Austurríkis og Ítalíu.

Hjalti Úrsus er ekki sáttur við ummæli sem um hann eru höfð í Fréttablaðinu

Hjalti Úrsus stefnir Fréttablaðinu

Í Fréttablaðinu þann 8. október sl. birtist frétt af aukapingi Kraftlyftingasambands Íslands. Hjalti Úrsus var á þinginu eins og margir kraftakarlar en undrar sig á umfjöllun sem fylgdi í kjölfarið af þinginu.

„Fyrirverandi formaður KRAFT, Jóhanna Eiríksdóttir, skellir á aukapingi þar sem ganga átti úr Alþjóða kraftlyftingasambandinu og ganga í annað alþjóðlegt samband þar sem lyfjapróf tíðkast ekki. Þessar hugmyndir hennar féllu í misjafnan jarðveg og ég benti á að þetta væri ekki hægt. Aðild Kraft að alþjóðasambandinu eru bundin í lög félagsins sem er ekki hægt að breyta nema á aðalfundi og með 2/3 hluta atkvæða.“

Öllu snúið á hvolf

Orðrétt stendur í fréttinni: „Kraftlyftingamenn sem ekki vilja lyfjapróf boluðu formanni sínum frá völdum.“ „Þarna er öllu snúið á hvolf og það vil ég leiðrétta auk þess sem ég stóð



Hjalti Úrsus segir að öllu sé snúið á hvolf í Fréttablaðinu.

ekki fyrir því að bola formanninum frá völdum. Þetta er fréttamennska sem mér líkar ekki og þeir vilja ekki viðurkenna augljós mistök.

Ég rek líkamsræktarstöð og tek þátt í að byggja upp æskulýðsstarf og fleira þannig að þetta kom mjög illa við mig.“

Sniðgöngum Fréttablaðið

Hjalti hefur því stefnt Fréttablaðinu og verður málið tekið fyrir í Hérðasdómi Reykjavíkur á næstunni.

„Ég hvet alla Mosfellinga og aðra landsmenn til að sniðganga Fréttablaðið meðan þeir skrifa bölvæða



þvælu og neita að leiðrétta eða afla heimilda beggja málssaðila við vinnslu fréttu. Nú stöndum við saman með litla manninum því þetta er of stór biti til að sætta sig við. Hið rétta kemur fram svart á hvítu í fundargerðum frá þinginu.

Nýja félagið sem stofnað var í kjölfar klofningsins er partur af alþjóðlegu sambandi sem notast ekki við lyfjapróf og öll Íslandsmetin eru hærri en heimsmetin.“ segir Hjalti og furðar sig á umstanginu.

Hjalti segir að verið sé að vinna í inngöngu Kraft í ÍSÍ og býst við að það gangi í gegn á næstu misserum. „Við viljum halda í þetta gamla góða sem við þekkjum úr kraftlyftingum og stefnum að því að starfa áfram náið með alþjóða ólympíefndinni í framtíðinni.“

Styðjum stelpurnar!

Nú er komið að því - loksins!

Við Mosfellingar erum í fyrsta skipti með knattspyrnuliði í efstu deild. Stelpurnar spila í Landsbankadeild í sumar. Fyrsti leikur sumarsins er 13. maí og því stutt í fjörið. Mót-hérjinn er ekki af lakari endanum, en það eru margfaldir Íslandsmeistarar Breiðabliks sem koma í heimsókn. Auðvitað er stefnan sett á sigur, því lið okkar verður mjög harðskeytt, skipað góðri blönd af yngri og eldri leikmönnum auk þess sem við fáum styrk erlendra leikmanna á meðan við erum að koma undir okkur fótunum. Það má búast við því að heimaleikir stelpnanna í sumar verði meðal stærstu uppákomna í bænum. Fjölmargir áhorfendur fylgja gjarnan stóru liðunum úr Reykjavík - en vonandi náum við að yfirgnæfa þá með því að fjölmenna á völlinn í sumar og fylgjast með frábærri skemmtun.

Það þarf ekki að fjölyrða um ágæti þess að hafa góðan meistaraflokk sem fyrirmynd ungu kynslóðarinnar. Gott lið er ekki byggt upp á einni nóttu - og því erum við núna að leggja grunninn að liði ungu stelpnanna sem eru að æfa í dag. Því viljum við hvetja ykkur foreldra til að horfa til framtíðar því góður árangur liðsins í sumar eykur líkur á því að fleiri stelpur og strákar hefji eða haldi áfram knattspyrnuíðkun - og alist þar með upp í góðu og hollu umhverfi.

Ef við Mosfellingar viljum eiga lið í efstu deild sem við erum stolt af þá þurfum við að standa vel við bakið á stelpunum. Það kostar sitt að halda



slíku liði úti. Valin hefur verið sú leið að vera ekki með auglýsingu framan á keppnisbúningi en þess í stað að hafa „Bleiku slaufuna“. Með því móti viljum við gefa fólki tækifæri á að slá margar flugur í einu höggi. Með því að taka áskorun okkar - og greiða ákveðna upphæð fyrir hvert mark sem við skorum þá er stutt bæði við bakið á stelpunum og helmingur upphæðarinnar rennur til Bleiku slaufunnar sem er árveknisátak um brjósta-krabbamein. Þetta getur eiginlega ekki farið betur saman þar sem við erum líka að tala um kvennaþrótt, og að styðja við bakið á fyrirmyndum barnanna okkar.

Þeir sem vilja styrkja okkur eða leggja lið á einn eða annan hátt er bent á að hafa samband á netfangið bleikaslaufan@afturelding.is en þar tökum við á móti áheitu. Við höfum miðað við að einstaklingar heiti 500 - 2.000 krónum á hvert mark en fyrirtæki verði eitthvað örlátari og heiti 10-15.000 á hvert mark. En auðvitað velur hver sá upphæð sem hentar. Miðað við að við erum á okkar fyrsta ári í deildinni má áætla að við skorum um 25 mörk yfir sumarið sem skiptist á fjóra mánuði.

Kæru Mosfellingar - stöndum saman á vellinum í sumar - stöndum með stelpunum!
Áfram Afturelding!

Tryggvi Þorsteinsson
Meistaraflokksráði
kvennaknattspyrnu Aftureldingar

Blómstrandi þekkingarsamfélag

Það hefur ávalt verið eitt af grundvallaratriðum í stefnu Framsóknarflokksins að tryggja jafnrétti allra til að afla sér menntunar. Þannig hefur verið litið á að herra menntunarstígg þjóðarinnar skili sér í auknum hagvexti auk þess sem það bætur samkeppnihefni Íslands á alþjóðavettvangi. Menntakerfið er einhver besti fjárfestingakostur hins opinbera og eru fáar fjárfestingar sem bera meiri arð. En fjárfesting í menntun er ekki nóg ein og sér. Stjórnvöld þurfa að skapa umhverfi hér á landi, efnahagslegt og félagslegt sem gerir það að verkum að menntað fólk kjósi að búa á Íslandi að loknu námi. Vinnumarkaður þess er heimurinn allur og ekki sjálfgefið að Ísland verði fyrir valinu.

Fyrir í vetur ræddi Hörður Arnarson, forstjóri Marels, um stöðu íslensku krónunnar í Kastljósi Ríkissjónvarpsins. Sagði hann m.a. að ef fyrirtækið byggði við sömu aðstæður hér á landi og í Danmörku mætti áætla að það væri 30-50% stærra á Íslandi, auk þess sem það hefði ekki það að markmiði að draga úr íslenskri starfsemi sem hlutfalli af veltu þess. Fyrirtækið hefur eins og svo mörg útrásarfyrirtæki tekið þá ákvörðun að taka út vöxt sinn erlendis sem er miður. Marel og önnur hátækniyrirtæki skapa hundruð nýrra starfa erlendis sem getu orðið til hér.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar fjölgaði háskólanemum stórlega og að



sama skapi var boðið upp á fjölbreyttara námsframboð hér á landi en lengi má gott bæta, t.d. með aukinni skilvirkni í skólakerfinu og minna brottfalli. Ein leið til þess er að breyta þriðjungi af upphæð námsláns í styrk ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma líkt og þekkest á Norðurlöndunum. Birkir Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins hefur einmitt lagt fram frumvarp um slíkt á Alþingi. Má ætla að hvatinn til menntunar aukist verði frumvarpið að lögum auk þess sem ungt fólk kemst fyrir út á vinnumarkaðinn en ella sem er kannski það mikilvægasta fyrir atvinnulífið.

Með auknum fjölda þeirra sem útskrifuðust úr háskólanámi efldist rannsóknarstarf á Íslandi meira á undanförunum árum en á alþjóðavísu. Á næstu árum þarf að stórauka fé sem hið opinbera leggur í rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun. Þá þarf að hvetja til rannsókna sem geta leitt til einkaleyfa og nýsköpunar í atvinnulífinu. Mosfellsbær á að taka þátt í uppbyggingu rannsóknarstarfseminnar á Íslandi og hefja markvissa vinnu við að koma á fót þekkingarkjarna. Það er óskandi í framhaldinu að blómstrandi þekkingarsamfélag í Mosfellsbæ verði orðið að veruleika innan nokkurra ára.

Eggert Sólberg Jónsson,
höfundur sítur í atvinnu- og ferðamálanefnd Mosfellsbæjar f.h. Framsóknar

Þegar markmiðin nást með samstilltu átaki!

Undanfarin tvö ár hefur undirritaður verið þess heiðurs aðnjótandi að leiða stjórn barna- og unglinga starfsíknattspyrnudeild Aftureldingar sem er stærsta eining Ungmennafélags Aftureldingar. Í knattspyrnudeildinni æfa tæplega 400 krakkar fótbolta í 14 aldursflokkum, en auk þessa eru um 50 iðkendur í meistaraflokkum félagsins. Áætlað er að knattspyrnudeild standi fyrir sex æfingum á dag að meðaltali alla daga ársins og tveimur knattspyrnu-leikjum á dag að meðaltali allt árið um kring.



Hreint út sagt eru foreldrar knattspyrnukrakka í Mosfellsbæ ótrúlegir. Á árinu 2007 fór mikið þúður í að tryggja fjárhagslegan rekstur deildarinnar til framtíðar. Með samstilltu átaki foreldra fengu styrktaraðilar fyrir um 10 milljónir og ýmsar aðrar fjárfanir foreldra skiluðu um 5 milljónum. Gaman er að segja frá því að sala á ýmskonar Aftureldingarvarningi er farin að velta milljónum króna og margir styrktaraðilar eru með langtíma samninga. Sá kraftur sem foreldrar hafa lagt í starfið undanfarið er því líka langtímaáhrifastesting.

Mosfellsbær er orðinn eitt af stærstu bæjarfélögum landsins. Forsvarsmenn knattspyrnudeildar hafa hreinlega litið svo á að bæjarbúar eigi kröfu á að sú uppeldisstarfsemi sem boðið er upp á standi jafnfætis því sem best gerist á landsvísi. Á síðustu árum hefur því verið unnið eftir mjög metnaðarfullum og skýrum markmiðum í deildinni. Þessi markmið eru:

1. Að halda úti metnaðarfullri, skemmtilegri og uppbyggilegri starfsemi fyrir iðkendur og aðstandendur þeirra.
2. Að viðmið starfseminnar séu þau félög sem fremst standa á hverju sviði fyrir sig.
3. Að veita iðkendum dýrmæta reynslu, líkamlega þjálfun og hugarfar sem gerir þau að betri einstaklingum og þjóðfélagsþegnum.
4. Að halda úti starfsemi sem byggir á fjárhagslega traustum grunni.

Það er gríðarlega mikilvægt í félagsskap sem þessum að allir leggi sitt að mörkum í starfinu. Þeir 5-6 foreldrar sem veljast í stjórn hafa í raun ekki burði nema til að halda upp lágmarksstarfsemi (þeir eru jú líka í krefjandi vinnum og eiga fjölskyldur). Allt annað starf deildarinnar byggist algerlega á framtaki foreldranna sjálfra. Flestir eru samála um að foreldrastarfið sé gaman og gefandi og þannig hafi fólk mikil áhrif á að halda uppi uppbyggilegu og skemmtilegum mannlífi í bænum okkar.

Að lokum þakka ég iðkendum, þjálfurum, stjórnarfólki, foreldrum og stuðningsmönnum fyrir frábært samstarf á síðustu árum. Það eru hreinlega forréttindi að hafa fengið að vera í forsvari fyrir barna- og unglingastarfinu síðustu ár. Markmiðin hafa náðst með samstilltu átaki foreldra sem hafa sannarlega staðið sig stórkostlega við að göfga mannlífið í bænum okkar.

ÁFRAM AFTURELDING!

Pétur Magnússon
fráfarandi formaður barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Aftureldingar



Leikskólinn Berg á Kjalarnesi auglýsir eftir leikskólakennurum eða öðru starfsfólki sem hefur áhuga á og ánægju af að vinna með börnum. Berg er lítill vinalegur tveggja deilda leikskóli með rými fyrir 46 börn.

Leikskólinn leggur áherslu á íþróttir og danskennslu. Við leitum að fólki sem hefur gaman af samskiptum og skapandi starfi, er tilbúið að leggja sitt af mörkum til að skapa ánægjulegt og skemmtilegt vinnuumhverfi.

Leikskólinn er reyklaus vinnustaður.

Heimasíða leikskólans er <http://www.bergid.is>

Áhugasamir hafið samband við Tanyu leikskólastjóra
í síma: 566-6039
email: berg@leikskolar.is



Opið allan sólarhringinn

Við erum við Esso stöðina
Háholti í Mosfellbæ,
Reykjavíkurveg 1 Haf,
og í Bæjarlind Kóp.
- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NÝJRI HLUTIR
- TÍMAREIMAR
- KERTI
- VIFTUREIMAR
- SMURGIUR
- HREINGJEFNI
- BREMSUKLOSSAR
- PERUR
- OLJUR

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



...að Mosfellingarnir, Elísabet og Hreiðar, sem taka þátt í sjónvarpsþættinum Hæðin á Stöð 2, hyggist ganga í það heilaga í sumar.

...að Gaui á gröfunni hafi orðið sjötugur um síðustu helgi.

...að Þórður Illugi eigi von á barni á næstu vikum.

...að pókeræði hafi gripið Mosfellinga, pókermót eru haldin um allan bae.

...að kjos.is hafi átt aðalfrétt páskanna í ár um hauskúpufundinn

...að fyrsti útlandingurinn til að gegna starfi leikskólustjóra starfi nú á leikskólanum Berg á Kjalarnesi. Hún er frá Búlgaríu en hefur búið hér í 20 ár.

...að dæluylkillinn hjá forstjóra Atlantsolíu hafi ekki virkað þegar vígja átti nýju bensinstöðina.

...að Herrakvöld Harðar verði haldið laugardagskvöldið 12. apríl. Síðast mættu stripparar sem drógu dilk á eftir sér. Hvað gerist í ár?

...að gamla settið á Hæðinni haldi úti blogg síðu meðan á þáttunum stendur á slóðinni: blogg.visir.is/elisabetoghreidar

...að það verði messufall í Lágafellssókn sunnudaginn 13. apríl.

...að Jóli Jako sé að flytja heildverslunina sína, Namo, úr Kjarnanum yfir í Garfaholtið.

...að Valdi Vald sé orðin elg tanaður og þver massaður og sé að fara keppa á kraftflytingarmóti um helgina.

...að spurningatriðið okkur í Útsvari sýni Garðbæingum hvar Davíð keypti ölið í 8-liða úrslitum þann 18. apríl.

...að gamla Nóatúnshúsið gefi húsunum í 101 Rvk ekkert eftir í útliti. Allt útkrotað og ógeðslegt.

...að Þóra í Atlanta eigi von á ömmubarni.

...að bloggarinn og fyrrum ofurpenninn, Sigurður Hreiðar, hafi fyllt sjötuginn á dögunum

...að Lísu Allwood sé búin að eignast litinn strák.

...að Laufey í 88 genginu fagni tvítugsafmæli um helgina.

...að Veðramót sé komin á vídjóleigu

UNGLINGURINN


Nafn: Harpa Ellertsdóttir **Gælunafn:** Pix, Harpa Heppna
Aldur: 15 ára **Bekkur:** 10. Hl... Klárlega vel séð
Ertu Celine Dion fan? Nei... hún gerir væmnar myndir væmnari
Besta búð? Urban Outfitters, Virgin Megastore og Forever 21
Hefurðu gengið út úr tíma? Tjaa, einu sinni hljóp ég öskrandi út, telst það með?
Tjaldferð eða sundlaugarhangs? Tjaldferð jafnvel þó það sé frekar skátalegt
Ertu með veikleika? Krypton
Ef þú værir dýr þá værir þú? Lama... Dalia Lama
Ef þú værir bók, um hvað fjallaðir þú? Ávisaga Gonzalez, spænskur, kaþólskur munkur sem var uppi á 16. öld. Eftirlætis fötin hans voru brúni sloppurinn hans úr kartöflupoka taui og svartir sandalar... eða bara ljóðabók um möflugu.
Ef þú værir mynd, hvað væri að sjá? Við hliðina á
Ef þú værir hljóð, í hverju heyrðist? Ég væri eflaust nýársávarp Elisabetar Englandsdrottningar frá 1998.
Uppáhalds teiknimyndakarakter? Gir í Invader Zim
Búðu til nafn á rautt naglalakk = Nose bleed red
Íþrótt sem þig langar að æfa? Ég æfi íþróttina sem mig langar að æfa, sirkús. Annars væri ég til í að fara á nokkur dansnámskeið þegar ég hef tíma
Gefur þú blóð? Nei, ég á það. Kannski seinna
Börn eru? Óþroskuð, frek og hávaðasöm
Kennarar eru? Óþroskaðir, frekir og hávaðasamir
Hvaðan færðu flesta bolina þína? Urban Outfitters, Virgin Megastore, Forever 21 og svo bara héðan og þaðan
Hvað langar þig að verða? If I would tell you, I would have to kill you
Góð afþreying er? Fara á skiði og hlusta á Lion King lög... svo er líka frábært að stunda loftfimleika
Hefurðu barið einhvern? Meira svona sló, greyði fékk blóðnasir
Hvaða land finnst þér óspennandi? Kanada, því Celine Dion kemur þaðan... en samt ekki. En ég get sagt þér að mér finnst Jan Mayen mjög spennandi. Ég, Hreggi og Viktor ætlum að stofna okkar eigið ríki. Við ætlum að flytja inn mörgæsir
Ef ekki þú hver þá? Eplabóndi í Frakklandi

mynd/texti/oddrvar



Hæfileikakeppni Bólsins í kvöld

Félagsmiðstöðin Ból stendur fyrir hæfileikakeppni í Lágafells-skóla í kvöld. Keppnin er ætluð gagnfræðingum úr Lágafells- og Varmárskóla. Um 40 atriði hafa þegar verið skráð og er því búist við mikilli stemmningu meðal unglinganna. Keppnin hefst stundvíslega kl. 18 og stendur til 22. Vegleg verðlaun verða í boði fyrir bestu atriðin. Aðgangseyrir er 300 kr. en aðeins 200 kr. fyrir Bólfélaga.



Í eldhúsinu

HJÁ STEINDA JR.

Skuggalegt mönz

Við kíktum í eldhúsið hjá útvarpsmanninum og grínistanum Steinda Jr. „Ég ætla ekki að gera neinar glórir í eldhúsinu enda get ég varla dúttlast í gegnum eina viðbjóðslega soðningu. Ég get bara eldað tvennslags mat; brasaðan eða skritin. Ef ég héldi matarboð þá myndi ég hringja í Vigni í Hlégarði eða Möllu vinkonu mína og þau myndu græja þetta fyrir mig. Það væri hræðilegt að standa í þessu einn og þurfa bjóða gestunum upp á Knorr súpu og villisveppi sem vaxa í andyrinu í Bónus.

Ég lauma því leyndarmáli til bæjarbúa, um hvernig hægt sé búa til skuggalegt „mönz“ sem er tilvalið að detta í á siðkvöldum, með sigti eða sóló, prins eða póló. Þetta er ekkert bónus.is/uppskriftir kjaftæði, heldur sigilt gúmmelaði sem boðið hefur verið upp á á Bergþórshvoli og Bessastöðum. Fljótlegt, einfalt og fúgadæsh!“

Ritz kex (innflutt)
Ostur (domestic)
Pizza-sósa (innflutt)



Þú fyllir disk af Ritz kexi, setur eina slettu af pizzasósu á öll stk. Ostinn ofan á, inn í örbylgjuna á 800w í 30 sek og „voila“!!!

ATH. Þú gætir orðið spikfeit/ur og ógeðsleg/ur ef þú „mönzar“ of mikið af þessu!“



Samspil manns og náttúru

Það er óhætt að segja að við-horf fólks til umhverfismála hafi breyst hratt um allan heim áliðnum áratugum. Fólk hefur nú bæði meiri áhuga á umhverfismálunum og lætur sig þau varða og sýnir ábyrgð. Eins hefur aðkoma almennings og frjálsra félagasamtaka að skipulagsmálum breyst með auknum lagalegum rétti til að hafa bein áhrif á framkvæmdir yfirvalda og er sú þróun afskaplega jákvæð.

Það er jákvætt að fólk láti sér annt um náttúruna og krefjist þess að gengið sé um sameiginlegar auðlindir af virðingu og að fólk sýni sjálft gott fordæmi í þeim efnum. Þó er enn of mikið rætt um yfirvöld og almenning sem andstæða póla. Yfirvöld á mótí almenningi. Að yfirvöld vilji ekki taka tillit til athugasemda og að búið sé að taka ákvarðanir um framkvæmdir og skipulagsferlið sé sýndarmennskan ein. Ég held líka að oft misskilji fólk samt tilganginn með athugasemdum, eða nýti sér sinn rétt frekar í pólitískum tilgangi og vegna einkahagsmuna, en vegna beinnar umhyggju fyrir umhverfinu og er slíkt ekki trúverðugt.

Viðhorf fólks til umhverfismála og náttúruverndarar og verðurmismunandi. Mikilvægt er að þeir sem hafa vald til ákvarðanatöku nái að sætta sjónarmið og komast að sem bestri niðurstöðu fyrir sem flesta. Á Íslandi



ríkja veik mannverf við-horf til náttúrunnar og tilheyri ég þeim hópi. Þar sem velferð mannsins og hamingju er höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku, en jafnframt að slæm umgengni við náttúruna er ekki liðin, jafnvel þótt hún skaði ekki nokkurn mann. Þar sem viðurkennt er að náttúran sé merkilegt fyrirbæri og það að skemma hana að óþörfu eða í þeim eina tilgangi að svala löngunum sínum sé aldrei réttlætjanlegt. Slíkt muni á endanum koma niður á manninum sjálfum, þar sem samspil manns og náttúru sé svo náið að það muni draga úr möguleikum hans á að nýta sért náttúruauðlindirnar í framtíðinni.

Undarlegt er að sjá jafn misvísandi skilaboð um náttúruvernd og framkomu í bókun fulltrúa Framsóknarflokksins á 95. fundi umhverfisnefndar Mosfellsbæjar í febrúar sl. þar sem nefndin var að fjalla um tengivegin frá Skeiðholti að Leirvogstungu.

„Ljóst er að staðkun Mosfellsbæjar kemur til með að hafa áhrif á náttúru og viðkvæm svæði í sveitarfélaginu og þess vegna ber að fara með meiri nærgætni og hafa umhverfisjónarmið að leiðarljósi fyrir allar framtíðar vegaframkvæmdir í Mosfellsbæ ...

... Framkvæmd þessi þrengir verulega að íþróttastarfssemi hesta-

manna og e.t.v staðkun á hesthúsa-hverfinu. Ágætis byggingarsvæði er tekið undir veg og útilokar alla framtíðar uppbyggingu á þessu svæði."

Hvað er verið að segja með þessari bókun? Ekki má gera veg fyrir íbúa nýs hverfis í bæjarfélaginu og tengja hverfið við miðbæ Mosfellsbæjar og tengja saman skólahverfi, en það er hins vegar allt í lagi að byggja upp fleiri hesthúsa á nákvæmlega sama landsvæði?

Hvernig sem á þessi mál er litið, hafa verður í huga að lög og leikreglur gilda um samspil manns og náttúru. Með lögum um umhverfismat, umhverfismat áætlanar, náttúruvernd og fleiri lögum er búið að setja ramma og leikreglur sem ber að fylgja. Mikilvægt er að allir haldi vöku sinni, jafnt stjórnmálamenn, almenningur, fræðimenn og framkvæmdaaðilar. Það er skylda okkar allra að draga úr mengun þar sem slíkt er unnt og forðast óþarfa ágang og náttúru-spjöll. Við eigum að gæta þess að beitt sé mótvægisaðgerðum til að draga úr beinum áhrifum á umhverfið og lífríki þar sem framkvæmdir fara fram. Það er sameiginleg ábyrgð okkar að gengið sé vel um náttúruauðlindirnar, bæði okkar vegna og ekki síður komandi kynslóða.

Herdís Sigurjónsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs



Þessi fallegi dagur

Það er oft fallett um að litast í Mosfellsbæ eins og þessar myndir bera með sér. Ef þið lumið á skemmtilegum myndum er hægt að send þær á mosfellingur@mosfellingur.is



Allar sóttar pizzur með 30% afslætti

Gildir ekki með öðrum tilboðum

ÞÚ SÆKIR

Tvær fyrir eina Þú kaupir tvær pizzur af sömu gerð, með eins mörgum áleggstegundum og þú vilt. Þú greiðir fyrir dýrari pizzuna en ekkert fyrir hina. Tilboðið gildir ef pizzan er sótt og keypt er með henni eitt af þessu þrennu:

- Brauðstangir, stór skammtur með sósu 590 kr.
- 12" hvítlaukspizza 1.150 kr.
- 2l af Coke, Diet Coke, Sprite, Fanta eða Fresca 290 kr.



Þverholti 2, Kjarna
Sími: 55-44444



SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað er „inn“ í dag?



FRIKKI:
Rokkið.



LÍNA:
Hekl



ARNAR, SÆVAR OG ANDRI:
Fótbolti.



HLYNUR:
Að vera í formi.



HARPA OG SELMA:
Ullarsokkar.




HEIDDÍS: Fötin sem ég klæðist,
Cry Baby og fjólubláar tiger pants.




Á leik með Halifax



Habbý á baki



Kjarri á ferðalagi



Beðið eftir jólnum



Maxíme kappinn




Komnar í árshátíðardressið



Nóg að gera í boltanum



Harðar konur



Koss á kinn

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Systurnar Skordal



Búið að rífa upp Lákann?



Stelpurnar okkar



Síggi Píp og Guðbjörg



Já sæll, já fínt



Gæfusmiður



Stemmari




Nokkrir harðir




Loksins



Með Bjé og Pjé



Viiiiiii



Mættur í ræktina



Mosfellingur er allsstaðar!



Nóg að gera á Hæðinni



MAGGI GUNN

ÁTTI VIÐBURÐARÍKAN AFMÆLISDAG

SKÍÐAFERÐ Á ESJU OG FRAUÐPLASTSPATRÝ

Boltinn í beinni

Nýr skjávarpi

Lau. 5. apríl: Biggi Gunn, Geir Ólafs og furstarnir
1500 kr. inn og húsið opnar klukkan 22. Öl og skot á 900 kr

Fim. 10. apríl: Beggi blindi með uppistand kl. 21:00

Lau. 12. apríl: Öldurót spilar frá 24-3. Frítt inn og öl og skot á 900.



LANDSLIÐS-ÞJÁLFARI

Þegar þetta er skrifað er ný búið að ráða Guðmund Guðmundsson sem landliðsþjálfara Íslands, gott mál það.

Búið var að tala við Dag Sigurðsson sem ekki gat tekið að sér verkefnið þar sem hann er í vinnu hjá Val!!! Því næst var talað við Geir Sveinsson sem eitt sinn þjálfaði Val fyrir mörgum árum með arfaslökum árangri ef ég mann rétt. Svo næst var talað við Aron Kristjánsson sem er núna að þjálfa hjá Haukum með ágætis árangri. Mér finnst þessi þrír vera slæm hugmynd hjá HSÍ og bera vott um reynsluleysi á þeim bænum... Því var ekki haft samband við mig?

Ég var tilbúinn að taka djöbbið að mér fyrir náttúrulega svakalega háa upphæð á mánuði. Mitt fyrsta verk væri að skamma stjórn HSÍ fyrir að detta í hug að ætla ráða svona andskotans pappakassa í þetta starf. Svo myndi ég banna stjórnarmönnum HSÍ að mæta fullir í viðtöl, þar sem ég einn hefði rétt á því. Æfingaprógrammið mitt væri einfalt, við myndum æfa VÖRN og við myndum æfa SÖKN. Ég myndi ekki láta okkar bestu menn slasa sig í fótbolta eða körfubolta á æfingum. Í íslenska landsliðinu eru heims-klassa menn sem spila heims-klassa bolta með sínum liðum, bara ekki fyrir Íslands hönd.

Ég myndi biðja hvern leikmann að setja niður á blað fimm bestu leikkerfin þeirra og svo myndi ég velja tíu bestu og við myndum vinna með þau kerfi. Svo myndi ég skella á heraga í hópinn og hver og einn yrði að taka stíft í vörina og drekka 1 lítra af fjörmjólk á hverjum degi. Ég myndi að sjálfsögðu skella einum eða tveimur Aftur-eldingarmönnum í hópinn. Mjólkursamsalan og Goldfinger yrðu aðal styrktaraðilarnir og ég myndi heimta að Skúli box yrði aðstoðarþjálfari enda enginn betri til að kenna mönnum að gefa „einn á lúðurinn“.

Svo myndi ég hirða einn Evrópu- eða heimsmeistaratítill enda löngu kominn tími til.

Þegar Gummi Gummi klúðrar þessu þá slærðu bara á þráðinn Einar minn og ég verð ekki lengi að kippa þessu í liðinn.



Högni Snær

SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Atvinnuhúsnæði

Óska eftir atv. húsnæði 50-80 m², í Mosfellsbæ. Snyrtilegur rekstur, allt kemur til greina. Get deilt með öðrum.
Uppl. í síma 820-7647

Íbúð óskast til leigu

Fjölskylda óskar eftir 3-4ja herb. íbúð til leigu sem fyrst í Mosfellsbæ, langtímaleiga. Reyklaus, reglusöm og með mjög góð meðmæli.
Uppl. í síma 692-1155

Íbúð til leigu

Um er að ræða 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð í Permaform húsi við Hjallahlíð. Laus nú þegar til innflutnings. Skammtímaleiga (4-6 mán) af sérstö- kum ástæðum. Hjallahlíð er í göngufæri frá Lágafellsskóla, leikskóla, sundlaug og annarri þjónustu fyrir barnafólk. Allar nánari upplýsingar í sínum 566 6048 og 699 6707 (Guðbjörg).



Mánudagar: lokað
Þriðjudagar-fimmtudagar:

17:00-01:00

**Föstudagar og laugarda-
gar:** 13:00-03:00

Sunnudagar:
13:00-01:00

Aðsendar greinar

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

MOSFELLINGUR

MOSFELLINGUR

**KEMUR NÆST ÚT
25. APRÍL**

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

ÍSHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - s. 586 8356 (verkstæði) - fax 586 8357
s. 894 0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is



BLÓM GLEÐJA

*Hlín
Blómahús*

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8700



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Hertalle ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 889 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



Góður sölumaður óskast



Erum að markaðssetja nýja þjónustu á Íslandi.
Góð sölupóknun í boði.

Upplýsingar í sínum 660 7777 og 697 8627.



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



Listavika í Lágafellsskóla

Nemendur í Lágafellsskóla tóku þátt í listaviku á dögunum af miklum áhuga. Þessar ungu stelpur voru uppáklæddar í stíl við þema elstu bekkinganna sem var áttundi áratugurinn. Nánar á bls. 7



Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rólegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður.



Leirutangi - sér inngangur

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi.



Tröllateigur - tvær íbúðir

Mjög falleg 194,2 fm. íbúð á tveimur hæðum við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vandaðar innréttingar, allt fyrsta flokks. Góð lóð og fallegt útsýni. Sér inngangur í íbúð á neðri hæð. Kjörð fyrir tvær fjölskyldur.



Svöluhöfði

Nýtt í sölu. Mjög glæsilegt 209 fm. einbýli við Svöluhöfða í Mosfellsbæ. Húsið er á einni hæð og vel innréttað. Vandaðar innréttingar og gott skipulag. Gott hús í einu vinsælasta hverfi bæjarins.



Litlikriki - tvö hús eftir

Afar glæsilegt og vel skipulagt 195 fm. raðhús á einni hæð við Litlikrika í Mosfellsbæ. Húsið stendur ofan götu og er skógræktarsvæði í hljóðinni ofan við húsið. Flott staðsetning. Aðeins tvö hús eftir.



588 55 30

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Grétar J. Stephensen
löggiltur
fasteignasali
861-1639



Krókabyggð

Glæsilegt 221 fm parhús á tveimur hæðum á stórrí lóð. Húsið skiptist í þrjú svefnh, glæsilegt baðherbergi, sjónvarpsstofu, stofu, eldhús, gestasalerni, þvottahús og 34,5 fm bílskúr. Stórar svalir eru á efri hæð með heitum potti og glæsilegu útsýni.



Lindabyggð

Glæsilegt 186 fm parhús á einum vinsælasta stað í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur góð svefnherbergi, sólskáli áfastur við stofu. Lokað bílskúli og gróinn garður. Upptekin loft í stofu. Vandaðar innréttingar og gólfefni.



Rauðamýri

Falleg 143 fm íbúð á 1.hæð með sér inngang og staði í lokaðri bílageymslu. Stór verönd með skjólveggjum. Þrjú svefnh. Íbúðin er öll hin vandaðasta með góðum innréttingum, tækjum og gólfefnum. Hiti í gólfum. Fallegt útsýni.



Brekktangi - m/aukaíbúð

Vel staðsett 288 fm tveggja hæða endaraðhús auk kjallara með sér íbúð. Góður garður sem snýr í suðvestur.

V. 49,8 m.